

Umhverfis- og heilbrigðisráð

Ár 2018, miðvikudaginn 4. júlí kl. 09:08, var haldinn 1. fundur umhverfis- og heilbrigðisráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12-14, 7. hæð, Ráðssal. Viðstödd voru: Líf Magneudóttir, Kristín Soffía Jónsdóttir, Magnús Már Guðmundsson, Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, Egill Þór Jónsson, Marta Guðjónsdóttir og Vigdís Hauksdóttir. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Örn Sigurðsson, Árný Sigurðardóttir, Guðmundur Benedikt Friðriksson, Hjalti Jóhannes Guðmundsson, Gunnar Hersveinn Sigursteinsson og Sigurjóna Guðnadóttir. Fundarritari er Björgvin Sigurðarson.

Þetta gerðist:

(D) Ýmis mál

1. Umhverfis- og heilbrigðisráð 2018-2022, Mál nr. US180170
Tillaga um stofnun umhverfis- og heilbrigðisráðs

Lagt fram bréf borgarstjórnar dags. 24. júní 2018 varðandi stofnun umhverfis- og heilbrigðisráðs Reykjavíkur. Ráðið fari með loftlagsmál, loftgæði, úrgangsmál, sorphirðu ásamt verkefnum heilbrigðisnefndar.

2. Umhverfis- og heilbrigðisráð 2018-2022, Mál nr. US180173
nýtt umhverfis- og heilbrigðisráð

Lagt fram bréf borgarstjórnar dags. 19. júní 2018 varðandi kosningu sjö fulltrúa í umhverfis- og heilbrigðisráð og sjö til vara til loka kjörtímabilsins.

3. Umhverfis- og heilbrigðisráð 2018-2022, Mál nr. US180171
kosning varaformanns

Kosning varaformanns umhverfis- og heilbrigðisráðs 2018-2022

Lögð fram tillaga Lífar Magneudóttur, formanns Umhverfis- og heilbrigðisráðs, þess efnis að fulltrúi Samfylkingarinnar Kristín Soffía Jónsdóttir, verði kjörinn varaformaður Umhverfis- og heilbrigðisráðs.

Einnig var lögð fram tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins Mörtu Guðjónsdóttur að fulltrúi Miðflokksins Vigdís Hauksdóttir verði kjörinn varaformaður Umhverfis- og heilbrigðisráðs.

Fulltrúi Samfylkingarinnar Kristín Soffía Jónsdóttir var kjörinn varaformaður Umhverfis- og heilbrigðisráðs með fjórum atkvæðum fulltrúa Pírata Sigurborgar Óskar Haraldsdóttur, fulltrúa Samfylkingarinnar Kristínar Soffíu Jónsdóttur og Magnúsar Más Guðmundssonar og fulltrúa Vinstri Grænna Lífar Magneudóttur.

Fulltrúi Miðflokksins Vigdís Hauksdóttir og fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Marta Guðjónsdóttir og Egill Þór Jónsson, sátu hjá við atkvæðagreiðsluna.

4. Umhverfis- og heilbrigðisráð 2018-2022, Mál nr. US180174
Fundadagatal

Lagt fram fundadagatal umhverfis- og heilbrigðisráðs fyrir árið 2018, dags. 27. júní 2018.

5. Umhverfis- og heilbrigðisráð 2018-2022, Mál nr. US180172
samþykktir fyrir umhverfis- og heilbrigðisráð

Kynnt starfssemi umhverfis- og skipulagssviðs ásamt samþykktum fyrir heilbrigðisnefnd Reykjavíkurborgar samþykkar voru í borgarstjórn 18., júní 2013.

6. Umhverfis- og skipulagssvið, yfirlit yfir innkaup Mál nr. US130118

Lagt fram yfirlit yfir innkaup umhverfis- og skipulagssviðs á verkum yfir milljón í apríl 2018.

7. Umhverfis- og skipulagssvið, mánaðaruppgjör janúar til nóvember 2018 Mál nr. US130185

Lagt fram uppgjör umhverfis- og skipulagssviðs ES og RK fyrir janúar til apríl 2018.

(E) Umhverfis- og samgöngumál

8. Umhverfis- og skipulagssvið, gjaldskrá vegna djúpgáma Mál nr. US180169

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða dags. 25. júní 2018 ásamt tillögu að viðbótar gjaldaliðum í gjaldskrá um meðhöndlun úrgangs í Reykjavík fyrir djúpgáma.

Samþykkt með fjórum atkvæðum fulltrúa Pírata Sigurborgar Óskar Haraldsdóttur, fulltrúa Samfylkingarinnar Kristínar Soffíu Jónsdóttur og Magnúsar Mús Guðmundssonar og fulltrúa Vinstri Grænna Lífur Magneudóttur, gegn þremur atkvæðum fulltrúa Miðflokksins Vigdísar Hauksdóttur og fulltrúum Sjálfstæðisflokksins Mörtu Guðjónsdóttur og Egils Þórs Jónssonar.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Miðflokksins í Umhverfis- og heilbrigðisráði gera með sér eftirfarandi bókun: Umræða um djúpgáma er algjörlega vanreifuð og ekki tímabært að ákvarða gjaldskrá á þeim grunni. Um stefnubreytingu er að ræða um meðhöndlun úrgangs og óljóst hvernig kostnaður af verkefninu fellur. Má færa fyrir því rök að hér sé einungis byrjunin á íþyngjandi gjaldtöku fyrir borgarbúa sem er dulin skattheimta.

Fulltrúar Samfylkingar, Kristín Soffía Jónsdóttir, Magnús Már Guðmundsson, fulltrúi Vinstri Grænna, Líf Magneudóttir og fulltrúi Pírata, Sigurborg Ósk Haraldsdóttir bóka: Fjölmargir framkvæmdaraðilar á þéttingarreitum hafa kosið að koma sorphirðu fyrir neðanjarðar. Samkvæmt lögum þarf gjaldskrá að endurspeglar raunverulegan kostnað við hirðu. Í ljósi þess að hirða á djúpgámum er hagkvæmari er lögð fram ný gjaldskrá fyrir þá sem þarf að liggja fyrir áður en þeir eru teknir í notkun. Vísað til borgarráðs.

9. Kollafjörður, bréf Orkustofnunar Mál nr. US180175

Lagt fram bréf Orkustofnunar dags. 22. júní 2018 varðandi beiðin um umsögn vegna umsóknar Björgunar ehf. um leyfi til leitar og rannsókan á mól og sandi af hafsbótmi á tíu svæðum í Kollafirði við Faxaflóa.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða og heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og þess óskað að umsagnir komi til ráðsins til staðfestingar að loknu sumarleyfi. Afla verði frests Orkustofnunar til skila umsagnar.

10. Rafbílavæðing - tilrauna- og próunarverkefni með OR, Stöðukynning Frestað. Mál nr. US180176

11. Elliðaárdalur – friðlýsing, tillaga

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Marta Guðjónsdóttir og Egill Þór Jónsson leggja fram eftirfarandi tillögu:

Lagt er til að unnið verði að því að Elliðaárdalurinn verði friðlýstur vegna sérstaks náttúrufars og dýralífs.

Með tillögunni fylgir greinagerð

Frestað.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Marta Guðjónsdóttir og Egill Þór Jónsson bóka: Það er ekki tilviljun að meirihlutinn í umhverfis- og heilbrigðisráði bregði á það ráð að fresta tillögu okkar sjálfstæðismanna um friðlýsingu Elliðaárdalsins. Enda liggur fyrir tillaga á dagskrá skipulags- og samgönguráðs í dag um að samþykkja nýtt deiliskipulag sem gerir ráð fyrir byggingum sem ganga munu freklega á land Elliðaárdalsinn og gerir ráð fyrir umfangsmikilli starfsemi þar. Það undirstrikar enn frekar nauðsyn þess að unnið verði að friðlýsingu Elliðaárdalsins og nærliggjandi umhverfi hans í samráði við umhverfisráðherra og umhverfisstofnun með þeim hætti sem kveðið er á um í 38. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 10:45

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Líf Magneudóttir

Kristín Soffía Jónsdóttir
Sigurborg Ósk Haraldsdóttir
Marta Guðjónsdóttir

Magnús Már Guðmundsson
Egill Þór Jónsson
Vigdís Hauksdóttir.